

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Fjarðaprif ehf.
kt. 410605-1630

Starfsstöð: Strandgata 46c, 730 Eskifjörður
Fastanúmer: 217-0454

Leyfið gildir frá 22. desember 2020 til 22. desember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Þvottahúsi og efnalaug
- Vöruafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., matvælalaga nr. 93/1995 m.s.br. og efnalaga nr. 61/2013

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Fjarðaþríf ehf, kt. 410605-1630
Starfsstöð: Strandgata 46c, 735 Eskifjörður
Fastanúmer: 217-0454

Leyfið gildir frá 22. desember 2020 til 22. desember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Þvottahúsi og efnalaug**
- **Vöruafgreiðslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 18. nóvember 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013*
- *Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*
- *Reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni*
- *Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Þvottahús og efnalaug

Um er að ræða starfsleyfi fyrir þvottahúsi og efnalaug. Eftirfarandi vélar og tæki eru í aðstöðunni: átta þvottavélar, fimm þurrkarar og ein þurrhrensivél (perklór) með lokuðu kerfi. Að auki eru strauvélar, pressur og þökkunarvél og vélar og tæki til fataviðgerða og merkinga í aðstöðunni.

Um starfsemina gilda m.a.r:

- *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, eftir því sem við á*
- *Starfsleyfisskilyrðum HAUST fyrir efnalaugar*

1.2. Vöruafgeiðsla

Um er ræða vöruafgeiðslu í aðstöðu Fjarðapriða fyrir Eimskip, Flytjanda. Í afgreiðslunni er einn kællir og einn frystir.

Matvöru er ekið beint út og undantekning ef geyma þarf matvæli eða aðra vöru í aðstöðunni.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Lágmarkskröfur um aðbúnað og innra eftirlit fyrir flutningastöðvar, eftir því sem við á*

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

2.2. Fráveita

Fráveita er leidd í fráveitukerfi Fjarðabyggðar á Eskifirði

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Til spilliefna teljast m.a. leifa perklórs og óhreinindi frá perklórvélum. Starfsleyfishafi er skylt að halda til hags kvittunum vegna skila á spilliefnum í a.m.k. 5 ár.

Skylt er að nota sorpílát sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur samþykkt.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

22. desember 2020
Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

22. desember 2020

Björgvin Erlendsson
v. Fjarðaprif ehf.
Kirkjustíg 2
735 Eskifjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir þvottahúsi og efnalaug Fjarðaprifa að Strandgötu 46c, 735 Eskifirði

Umsókn um starfsleyfi fyrir þvottahúsi, þurrhreinsun og afgreiðslu að Strandgötu 46c á Eskifirði barst þann 18. nóvember 2020. Umsækjandi er Fjarðaprif ehf., kt. 410605-1630.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 23. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 21. desember 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar meiriháttar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svahnjónsdóttir
heilbrigðisfulltrúi